

3. Bryndís Haraldsdóttir (Hovedindlæg)

Þingforsetar, forsætisráðherrar og aðrir ráðherrar, þingmenn, borgarstjóri, góðir gestir, kære nordiske venner. Ég vil byrja á því að þakka borgarstjóra fyrir afnot af þessum húsakosti og þakka jafnframt forseta Alþingis, Birgi Ármannssyni, fyrir afnotin af húsinu en ekki síður afnotin af öllu frábæra starfsfólki Alþingis sem hefur gert okkur það mögulegt að koma hér saman í dag. Þá vil ég einnig þakka Kristínu Háfoss, framkvæmdastjóra Norðurlandráðs, og skrifstofu Norðurlandaráðs fyrir allan undirbúninginn en eins og gefur að skilja hefur verið í mörgu að snúast. Ég ætla líka að fá að nota tækifærið og þakka lögreglunni fyrir að gæta öryggis okkar hér í dag og næstu daga og okkar mikilvægu gesta. Við hér á Íslandi erum ekki vön svona mikilli löggæslu þannig að þetta hefur verið töluvert fréttæfni. Við erum þakklát fyrir okkar öfluga lögreglufólk sem hefur tekið þetta verkefni að sér.

Það er mikill heiður fyrir mig að opna 76. þing Norðurlandaráðs. Yfirskriftin er friður og öryggi á norðurslóðum. Þegar Selenský mætti til Íslands í gær og var spurður af fréttamönnum hverju hann vildi koma á framfæri við íslensku þjóðina sagði hann: Ég óska ykkur friðar og frelsis. Það er þess vegna sérstakt að standa hér við setningu þingsins og geta nú sagt að það er sögulegt. Það er enginn efi í mínum huga að ávarp forseta Úkraínu í morgun fer í sögubækurnar sem einhver minnisstæðasti viðburður í sögu Norðurlandaráðs. Í raun og veru endurspeglar ávarp forsetans þá vegferð sem norrænt samstarf hefur verið í hin síðari ár þar sem við höfum verið vettvangur umræðu og ákvarðana um hvernig við bregðumst við breyttri heimsmynd. Okkar grunngildi um opið og frjálst lýðræðislegt samfélag, mannréttindi og réttarríki, jafnrétti, velferð og sjálfbæra þróun voru fyrir ekki löngu bara efni í skálarræðum á hátíðlegum stundum, eitthvað sem við

gengum út frá sem gefnu. Svo breyttist heimurinn og hart er sótt að þessum gildum hin síðari ár. Sú þróun var hafin fyrir ólögmæta og grimmilega innrás Rússa í Úkraínu sem hefur haft í för með sér ólýsanlegar mannlegar þjáningar. Það olli auðvitað stakkaskiptum þegar Rússland ákvað að gera þessa atögu að alþjóðakerfinu sem við búum við. Og það er ekki minnst á ófriðareldana sem geisa í Austurlöndum og þær hörmungar sem þeir hafa valdið. Selenski ræddi í ræðu sinni fyrr í dag um úkraínsku börnin sem hefur verið rænt; enn önnur hörmuleg birtingarmynd þess stríðs sem þar geisar og það er ekki hægt að gera sér í hugarlund allar þær hörmungar sem úkraínska þjóðin býr við.

En áfram að unga fólkinu okkar. Við erum með öflugt UNR, Norðurlandaráð æskunnar, sem hélt fundi sína hér á Íslandi um helgina og var einmitt að ræða þessa breyttu heimsmynd og þær áskoranir sem uppi eru í Evrópu og hjá okkur á Norðurlöndunum. Það var líka sérstakur heiður fyrir mig sem forseta Norðurlandaráðs að fá tækifæri til að heimsækja sumarþúðir UNR í sumar í Utøya í Noregi. Þar komu saman ungmenni frá öllum Norðurlöndunum og frá Úkraínu og þau voru einmitt að ræða stöðuna. Þau ræddu stöðuna í heimsmálunum, þau ræddu mikilvægi lýðræðisins og samtalsins og samheldnina sem þarf til að hægt sé að skapa frið. Það var átakanlegt að koma til Utøya og eiga þetta samtalið við norræn og úkraínsk ungmenni, ekki síst vegna þeirra atburða sem gerðust í Utøya. Það fékk mig til að hugsa um þær ógnir sem steðja að og eru í raun að ráðast á okkur utan frá en líka það sem getur gerst innan frá. Þetta vekur okkur til umhugsunar um mikilvægi þess að á tímum sem þessum hugum við líka að velferðinni, að unga fólkinu okkar, því ógnirnar geta birst bæði að utan sem innan.

Á vettvangi Norðurlandaráðs höfum við á liðnum árum brugðist við breyttri heimsmynd á ýmsan hátt. Stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi tekur m.a. á þáttum eins og netöryggi og tölvuárásam, öryggi orkukeðja og aðfangakeðja, matvælaöryggi og löggæslustarfi í neyðarástandi. Þá er lögð áhersla á hlutverk Norðurlanda til uppbyggingar friðar og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum. Þar að auki hefur Norðurlandaráð fjallað um fjölþáttaógnir og ekki síst upplýsingaóreiðu og falsfréttir sem ógna kosningum og lýðræði í okkar heimshluta jafnt sem öðrum.

Yfirskrift yfirstandandi formennsku Íslands í Norðurlandaráði er friður og öryggi á norðurslóðum, þar sem við höfum beint sjónum okkar að öryggismálum á norðurskautssvæðinu. Við erum jú öll norðurslóðaríki, Norðurlöndin.

Á árinu var jafnframt unnið að tillögum um endurskoðun Helsingfors-samningsins, grunnsamningsins um norræna samvinnu. Ekki sér fyrir endann á því starfi en við erum að stíga mikilvæg skref í því starfi nú á þinginu. Það eru einkum tveir þættir sem ég vil nefna sérstaklega við endurskoðun Helsingfors-samningsins.

Það eru annars vegar tillögur um að formbinda norrænt samstarf á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála. Slíkt samstarf hefur verið öflugt en þó staðið utan verksviðs norrænu ráðherranefndarinnar. Ef til vill er tími nú til að stíga það skref að formbinda þetta þar sem öll norrænu ríkin eiga nú aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Hins vegar vil ég nefna umfjöllun um stöðu Grænlands, Færeyja og Álandseyja innan norræns samstarfs og mikilvægi þess að sú staða verði styrkt og skýrð í endurskoðun Helsingfors-samningsins þannig að allir megi vel við una og að við skjótum enn styrkari stoðum undir samstarf landanna átta.

Norðurlöndin hafa búið við frið sín á milli í yfir 200 ár og óhugsandi að upp komi átök á milli norrænu landanna. Við eigum sameiginleg gildi og samfélögin okkar eru sterk. Sem þingmanna er það skylda okkar að vinna að því að viðhalda lýðræðislegum gildum, þróa áfram velferðarkerfin okkar og ekki síst tryggja að norræn samvinna sé einnig í framtíðinni mikilvægur hluti af norrænu samfélagi. Það er okkar grunnverkefni á þessu Norðurlandaráðsþingi sem og öðrum.

Við höfum staðið saman með Úkraínu og við eigum að standa saman sem öflug átta lönd í norrænu samstarfi. Þannig gerum við okkar góðu norrænu samfélög enn betri og sterkari.

Kæru vinir. Ég lýsi 76. þing Norðurlandaráðs sett.

Skandinavisk översättning

Talmän, statsministrar och andra statsråd, parlamentariker, borgmästare, alla goda gäster, kära nordiska vänner! Jag skulle vilja börja med att tacka borgmästaren för att vi får använda det här huset, samt tacka talman Birgir Ármannsson för att ställa Alltingets lokaler till vårt förfogande, men inte minst göra det möjligt för oss att hålla det här mötet med hjälp av alla Alltingets kompetenta medarbetare. Jag vill också tacka Nordiska rådets direktör Kristina Háfoss och rådssekretariatet för alla förberedelser, som har givetvis krävt mycket arbete. Till slut vill jag använda det här tillfället för att tacka polisen för att ta hand om säkerheten här i dag och under de kommande dagarna, både för oss och för våra viktiga gäster. Här på Island är vi inte vana vid en så hög nivå av polisiär närvaro, och den har orsakat ett ganska stort medieuppbåd. Vi är tacksamma för våra kompetenta poliser som har åtagit sig detta uppdrag.

Det är en stor ära för mig att öppna Nordiska rådets 76:e session. Temat för sessionen är Fred och säkerhet i Arktis. När president Zelenskyj ankom till Island i går och fick från journalister frågan om vad han ville säga till det isländska folket så sa han: "Jag önskar er fred och frihet." Därför är det mycket speciellt att få stå här vid början av sessionen och kunna beskriva detta som en historisk händelse. Det råder, enligt min mening, ingen tvekan om att Ukrainas presidents tal här i morse kommer att omskrivas i historieböckerna som en av de minnesvärdaste händelserna i Nordiska rådets historia. Presidentens tal återspeglar faktiskt utvecklingen av det nordiska samarbetet under de senaste åren, där vi har varit ett forum för diskussioner och beslut om hur vi ska reagera på den förändrade situationen i världen. Våra grundläggande värden om ett öppet och fritt demokratiskt samhälle, mänskliga rättigheter och rättsstaten, jämställdhet, välfärd och hållbar utveckling var för inte så länge sedan något som knappast omtalades förutom i skåltal vid högtidliga tillfällen, eftersom de sågs som en självklarhet. Sedan förändrades världen, och dessa värden har börjat attackeras hårt under de senaste åren. Den utvecklingen hade börjat innan Rysslands olagliga och skoningslösa invasion av Ukraina, som

har orsakat obeskrivliga mänskliga lidanden. Det var förstås en omvälvning när Ryssland beslöt sig för att ge sig på världsordningen på det sätt som vi ännu upplever. Och då har man inte hunnit nämna krigslågorna som brinner i Mellanöstern och deras fruktansvärda konsekvenser. I sitt tal tidigare i dag omtalade Zelenskyj de bortförda ukrainska barnen, en annan fruktansvärd manifestation av kriget som pågår där, och det går inte att föreställa sig alla de lidanden som det ukrainska folket utsätts för.

Men nu till våra ungdomar. Vi har ett kraftfullt UNR, Ungdomens nordiska råd, som höll sin session här på Island i helgen och då diskuterade precis denna förändrade världs bild och de utmaningar som man står inför i Europa och hos oss i Norden. Det var också en särskild ära för mig som president för Nordiska rådet att få möjligheten att

besöka UNR:s sommarläger på Utøya i Norge i somras. Lägret samlade unga från alla de nordiska länderna och från Ukraina, som diskuterade precis den situation som jag just beskrev. De diskuterade världsläget, och de diskuterade hur viktigt det är med demokrati, dialog och den sammanhållning som är nödvändig för att skapa fred. Det var en överväldigande upplevelse att besöka Utøya och samtala om detta med unga människor från Norden och Ukraina, inte minst med tanke på de händelser som utspelade sig på Utøya. Det gjorde också att jag började tänka på de hot som vi står inför och som kommer utifrån, men också det som kan utgöra ett hot inifrån. Allt detta väcker tankar om hur viktigt det är, i tider som dessa, att också värna om välfärden, och våra unga, eftersom hoten kan komma både utifrån och inifrån.

Inom Nordiska rådet har vi under de senaste åren reagerat på en förändrad världs bild på olika sätt. Rådets strategi om samhällssäkerhet behandlar faktorer som cybersäkerhet och IT-attacker, säkerheten när det gäller energi- och försörjningskedjor, tryggad livsmedelsförsörjning och polisiära insatser i nödsituationer. Strategin sätter också fokus på de nordiska ländernas roll i samband med fredsuppbyggande och konfliktförebyggande. Nordiska rådet har dessutom diskuterat hybridhot, inte minst desinformation och spridandet av falska nyheter, som hotar val och demokrati i vår del av världen som i andra länder.

Rubriken för Islands presidentskap i Nordiska rådet under det här året är Fred och säkerhet i Arktis, där säkerheten i hela den arktiska regionen har satts i fokus. Alla de nordiska staterna är ju arktiska länder.

Under året pågick också ett arbete med att utveckla förslag om en revision av Helsingforsavtalet, den överenskommelse som ligger till grund för det nordiska samarbetet. Det står inte klart när det arbetet blir färdigt, men vi kommer att ta viktiga steg i den riktningen under den här sessionen. Jag skulle särskilt vilja nämna två aspekter av revisionen av Helsingforsavtalet.

Det gäller dels ett förslag om att formalisera det nordiska samarbetet om utrikesfrågor, säkerhet och försvar. Det samarbetet har varit starkt, men har fallit utanför Nordiska ministerrådets ansvarsområde. Kanske är det nu på tiden att formalisera denna del av samarbetet, eftersom alla de nordiska länderna nu är medlemmar av Nato.

Dels vill jag nämna diskussionen om Grönlands, Färöarnas och Ålands ställning inom det nordiska samarbetet, och hur viktigt det är att den ställningen förstärks och förtydligas i samband med revisionen av Helsingforsavtalet, på ett sätt som alla kan enas om, och att vi därigenom ytterligare stärker samarbetet mellan de åtta länderna.

De nordiska länderna har haft fred sinsemellan i över 200 år, och det är otänkbart att ett krig skulle uppkomma mellan dessa länder. Vi har en gemensam värdegrund och våra samhällen är starka. Vårt plikt som parlamentariker är att arbeta för bibehållandet av demokratiska värden, att utveckla våra välfärdssystem vidare, och inte minst att se till att det nordiska samarbetet fortsätter att vara en viktig del av det nordiska samhället. Detta är vår grunduppgift under denna session i Nordiska rådet som under alla andra.

Vi har visat solidaritet med Ukraina, och vi måste visa solidaritet som åtta starka länder i det nordiska samarbetet. På det sättet hjälper vi till att göra våra fina nordiska samhällen ännu bättre.

Kära vänner. Jag förklarar Nordiska rådets 76:e session öppnad.

Upplýsingar

Ræðunúmer

3

Gerð

Hovedindlæg

Notandi

[Bryndís Haraldsdóttir](#)

Speaker role

Præsidentskab

Staða

Waiting for transcription

Dagsetning

29.10.24 14:29